

þannig safnast í Útborgunardeild, eftir uppsögn með löglegum fyrirvara, og verja því til kirkjunnar, svo sem á hverjum tíma þykir bezt við eiga, meðal annars stofna til endurbyggingarsjóðs, sem þá skal ávaxta í Söfnunarsjóðnum. 88
16. sept.

Ég ætlast til, að sóknarmenn leggi aldrei niður að greiða lögboðin og venjuleg gjöld árlega til kirkjunnar. En ef þar skyldi koma síðar, að lögmetar og venjulegar tekjur kirkjunnar að viðbættum arði sjóðsins (í báðum deildum Söfnunarsjóðs) geri betur en nægja til þarfa kirkjunnar, þá skal leggja afganginn jafnóðum inn á nýjan viðskiptadálk í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins með þeim skilmálum að eitthvað af vöxtunum leggist þar ætíð við höfuðstól auk nýnefndra afganga, en að öðru leyti megi taka út vextina árlega. Því fé skal þá verja til hjálpar eða glaðningar einhverjum, sem eiga bággt, í sókninni eða Hálsahreppi, eða og til styrktar einstaklingum, eða stofnunum eða fyrirtæki, sem horfa þykir til kristilegra þrifa og menningar og manndómsanda í sveitinni.

Eftir þessari skipun er stjórn minningarsjóðs þessa falin sóknarnefnd Stóra-Áss sóknar með fullu samráði og atkvæði sóknarprestsins um hvað eina.

Stóra-Ási, 26. júlí 1931.

Ástriður Jónsdóttir.

S A M Þ Y K K T

89

19. sept.

um

viðauka við samþykkt nr. 86, 18. sept. 1930 um breyting á samþykkt 16. marz 1926, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu.

Eftirgreindur viðauki bætist við samþykkt nr. 86, 18. sept. 1930, um breyting á samþykkt 16. marz 1926, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu:

Ennfremur skulu eftirgreindir vegir vera sýsluvegir, með sömu skilyrðum og Miðvegur í Hegranesi.

- a. Skagavegur í Skefilsstaðahreppi, frá Selárbrú út hið efra að Hrauni á Skaga.
- b. Reykjastrandavegur í Skarðshreppi, frá Gönguskarðsárbrú að Reykjum á Reykjaströnd.
- c. Sæmundarhlíðarvegur, af sýsluveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á Þjóðveginn á Vatnsskarði.
- d. Kjálkavegur í Akrahreppi, frá Norðurá að Merkgigli.
- e. Kolbeinsdalsvegur í Hólahreppi, frá Kolkubrú að Fjalli í Kolbeinsdal.
- f. Sléttuhlíðarvegur í Fellshreppi, frá vegamótum við Tjarnir um Skálá að Heiði.

89
19. sept. Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

90
23. sept.

AUGLÝSING

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu nr. 39 frá 1926.

Samkvæmt lögum nr. 18, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 7. 18. maí 1920, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð

S A M Þ Y K K T

um

breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, nr. 39 frá 1926.

1. gr.

Í stað orðanna í 48. gr.: „til 20. september“ komi „til 20. október“.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað. Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. september 1931.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.